

Ed. 188. Frumvarp til laga [168. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. l. nr. 21/1984 og l. nr. 12 1985, komi ný ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III.

1.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1986 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

| | M.kr. |
|----------------------------|-------|
| a) Almenn deild | 250 |
| b) Verðjöfnunardeild | 250 |
| c) Áhafnadeild | 100 |

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða og síldveiða.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

2.

Árið 1986 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins samkvæmt I. kafla laganna greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjár sjóði fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

3.

Auk sérstakra bóta samkvæmt 2 skal á tímabilinu 1. september 1985 til 31. desember 1986 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í 2 samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

4.

Árið 1986 skal áhafnadeild auk greiðslu fæðispeninga greiða lífeyrisframlag sem er 1% á sama stofn og greinir í 2. Greiðsla þessi skal renna til útvegsmanna til þess að standa undir hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun fiskverðs fyrir tímabilið 1. október 1985 til 31. janúar 1986, var við það miðað, að greiðslur úr Aflatryggingasjóði yrðu með sama hætti og verið hefur. Að undanfögnu hafa verið greiddar sérstakar 4% bætur af öllu aflaverðmæti inn á reikning hvers skips í Stofnfjár sjóði fiskiskipa í stað bótagreiðslna skv. fyrri reglum hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs. Þá hafa einnig verið greiddar 3% tímabundnar bætur úr almennu deildinni beint til útgerðar á sama stofn auk 1% lífeyrisframlags úr áhafnadeild til lífeyrissjóða sjómanna. Samtals eru því greiddar 8% bætur úr Aflatryggingasjóði í beinu hlutfalli við aflaverðmæti hvers skips.

Úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs eru nú greiddar bætur sem hér segir:

1. Á verð ufsa 25% uppbót, þó ekki í mars og apríl.
2. Á verð karfa (og grálúðu, sem veidd er á línu tímabilið 1/6 til 31/8) 16% uppbót.
3. Á verð ýsu engin uppbót.
4. Á verð annars botnfisks 6% uppbót.
5. Á verð loðnu og síldar 6% uppbót.

Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs greiðir nú fæðispeninga til áhafna sem hér segir:

| | 1/9 til 30/11/85 kr. pr. mann/dag |
|---|--------------------------------------|
| 1. Opnir bátar undir 12 brl. | 120 |
| 2. Bátar 12-100 brl. | 190 |
| 3. Bátar 101 brl. og yfir, aðrir en í 4. | 254 |
| 4. Loðnuskip, skuttogarar og sambærileg skip, þó ekki stóru togararnir | 317 |

Áhafnir stóru togaranna (yfir 500 brl.) hafa frítt fæði skv. samningum, en auk þess var ákveðið við kjarasamningana í vetur, að hver áhafnarmaður fengi greiðslu, sem nú er 63 kr. á dag. Útgerðir stóru togaranna fá endurgreitt áætlað framlag sitt til áhafnadeildarinnar. Auk þessara greiðslna, sem tengdar eru fæðiskostnaði áhafna, greiðir áhafnadeildin eins og fyrr var getið 1% af aflaverðmæti til að standa straum af lífeyrisðgjöldum sjómanna. Þetta var ákveðið í tengslum við kjarasamninga á s.l. vetri, þegar lífeyrisréttindi sjómanna voru aukin.

Reglulegir tekjustofnar Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi duga ekki til að standa undir öllum framangreindum greiðslum, eins og glögg kemur fram í töflu 1, sem sýnir áætlun um fjárhag sjóðsins 1985/86. Því er hér lagt til, að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja 1986 renni öll til Aflatryggingasjóðs, eins og ákveðið var fyrir árið 1985, en þá verður varið 540 m. kr. í þessu skyni lögum samkvæmt. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 eru ætlaðar 600 m.kr. í þessu skyni. Eins og áætlanir í töflu 1 sýna er það lægri fjárhæð en ætla má að þurfi, ef allar reglur sjóðsins haldast óbreyttar árið 1986, og einnig lægra en áætlað er að uppsafnaður söluskattur sjávarútvegsins nemi (sjá töflu 2).

Nú stendur yfir endurskoðun á sjóðakerfi og tekjuskiptingu í sjávarútvegi á vegum nefndar, sem sjávarútvegsráðherra hefur skipað. Í þessari nefnd eru fulltrúar sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslu auk manna, sem sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis og sjávarútvegsráðherra hafa tilnefnt. Að því er stefnt, að nefndin ljúki störfum fyrir mitt næsta ár, en til þess að fullnægja forsendum síðustu fiskverðsákvörðunar, og vegna þess hversu mikilvægar greiðslurnar úr Aflatryggingasjóði eru fyrir afkomu veiða og vinnslu, er hér lagt

til, að sú bráðabirgðaskipan á störfum Aflatryggingasjóðs, sem gilt hefur að undanfögnu, verði framlengd til loka næsta árs. Takist að ljúka endurskoðun sjóðakerfisins á árinu 1986 koma þessi ákvæði eins og önnur er varða sjóði sjávarútvegs til gagngerrar endurskoðunar fyrir árslok. Þess er vænst að endurskoðuninni verði svo tímanlega lokið að fjárveiting sú sem til er lögð í frumvarpi til fjárlaga dugi til að standa við greiðsluskuldbindingar sjóðsins samkvæmt þessum reglum. Verði dráttur á endurskoðun sjóðakerfisins er hins vegar ljóst að afla þarf aukins fjármagns til þessa verkefnis fyrir árslok 1986.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr., 1.

Hér er þeirri 600 m.kr. fjárveitingu, sem er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 til þessara þarfa, skipt milli deilda sjóðsins.

Skiptingin á fénu er hér fyrst og fremst ákveðin með hliðsjón af fjárþörf einstakra deilda eins og hún er nú áætluð (sbr. töflu 1). Rétt þykir að hafa heimild fyrir sjávarútvegsráðherra til þess að ákveða að greiða til loðnuveiða og síldveiða sérstaklega af þessu fé. Þá þykir rétt að heimila með þessum lögum að færa fé þetta milli deilda sjóðsins, ef þurfa þætti vegna breyttra aðstæðna.

Þessi fjárhæð er lægri en bæði áætlanir um fjárþörf sjóðsins og um fjárhæð uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi benda til.

Um 1. gr., 2.

Hér er lagt til, að ákvæði til bráðabirgða, II., í lögum nr. 12 19. apríl 1985 verði framlengt efnislega órbreytt og látið gilda allt árið 1986.

Um 1. gr., 3.

Hér er lagt til, að ákvæði til bráðabirgða, III., í lögum nr. 12 19. apríl 1985 verði látið gilda áfram á tímabilinu 1. september 1985 til 31. desember 1986.

Um 1. gr., 4.

Hér er lagt til, að áhafnadeild greiði 1% lífeyrisframlag af aflaverðmæti til að bæta lífeyrisréttindi sjómanna, auk greiðslu fæðispeninga til starfandi sjómanna.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Áætlanir um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985-1986.

| | Áætlun 1985 | | | Lausleg áætlun 1986 m.v. verðlag í árslok 1985 | |
|---|-----------------|------------------------|------------------|---|-----------------|
| | Almenn deild | Verðjöfnunar- deild | Áhafna- deild | 1985 Samtals | 1986 Samtals |
| | m.kr. | m.kr. | m.kr. | m.kr. | m.kr. |
| 1. Til ráðstöfunar: | | | | | |
| 1.1 Eignir/skuldir í ársbyrjun . . . | 84 | -90 | 26 | 20 | -50 |
| 1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi . . | 191 | 255 | 267 | 713 | 780 |
| 1.3 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti ¹⁾ | 230 | 230 | 80 | 540 | 600 |
| 1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar | | | 50 | 50 | |
| Samtals | 505 | 395 | 423 | 1323 | 1330 |
| 2. Ráðstöfun:²⁾ | | | | | |
| 2.1 Útgjöld verðjöfnunardeildar til verðuppbóta á botnfisk, loðnu og síld | | 476 | | 476 | 530 |
| 2.2 Útgjöld almennrar deildar, 7% sérstakar bætur | 568 | | | 568 | 630 |
| 2.3 Útgjöld áhafnadeildar v/fæðis- peninga o. fl. | | | 248 | 248 | 270 |
| 2.4 Útgjöld áhafnadeildar v/lífeyris- sjóðsgr., 1% | | | 81 | 81 | 90 |
| Samtals | 568 | 476 | 329 | 1373 | 1520 |
| 3. Til ráðstöfunar í árslok | -63 | -81 | 94 | -50 | -190 |

1) Hér er reiknað með 540 m.kr. ríkisframlagi 1985 eins og kveðið er á um í l. nr. 12/1985, en 600 m.kr. árið 1986 skv. fjárlagafrumvarpi.

2) Áætlun um útgjöld er miðuð við áfallnar greiðsluskuldbindingar en ekki greiðslustreymi.

Tafla 2. Áætlun um uppsafnaðan söluskatt í rekstrarkostnaði fiskveiða og fiskvinnslu árið 1986.

| | Áætlaður rekstrar- kostnaður | Áætlun um uppsafnaðan söluskatt 1986 m.v. verðlag í árslok 1985 |
|--|------------------------------------|---|
| 1. Fiskveiðar, bátar og togarar | 13.400 | 140 |
| 2. Fiskvinnsla, frysting og söltun | 16.300 | 440 |
| 3. Mjólvinnsla | 4.100 | 190 |
| | | 770 |